



25. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands haldinn miðvikudaginn 10. desember 2025 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Valur Ingimundarson formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Jóna Símónía Bjarnadóttir. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Kristján Þorvaldsson sviðsstjóri rekstrar, Ólafur Arnar Sveinsson sviðsstjóri fræðslu og rannsókna og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fréttir úr starfseminni
2. Skipuritsbreytingar
3. Fjárlög og áætlanir fyrir 2026
4. Þjóðlenduverkefni – verklök
5. Gjaldskrá Þjóðskjalasafns
6. Yfirfærsla gagna frá héraðsskjalasöfnum

Valur Ingimundarson formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Fréttir úr starfseminni.

Þjóðskjalavörður fór yfir fréttir úr starfseminni. Greindi hún frá að frumathugun á framtíðarhúsnæði Þjóðskjalasafns var lokið í október, skrefum sem tekin hafa verið í öryggismálum skjalasafna í Evrópu og í Þjóðskjalasafni Íslands, opnun nýrrar skjalaskrár á vefnum, nýjum miðlunarvef fyrir jarðir og fasteignir, nýrri eftirlitsskýrslu um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem afhendingarskyldar eru til Þjóðskjalasafns og niðurstöður jafnlaunagreiningar safnsins árið 2025.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Valur Ingimundarson, Njörður Sigurðsson, Ólafur Arnar Sveinsson og Erla Hulda Halldórsdóttir.

2. Skipuritbreytingar.

Þjóðskjalavörður kynnti tillögur að breytingu á skipuriti Þjóðskjalasafns. Helstu breytingar eru breytingar á heitum skrifstofa yfir í svið og að allt starfsfólk á fagsviðunum tveimur mun heyra undir fageiningu. Lokahnykkur er lagður á uppbyggingu rekstrarsviðs sem stoðsviðs. Ný fageining verður til um verkefni einkaskjalasafna og fageining upplýsingaþjónustu verður flutt milli sviða. Stefnt er að því að nýtt skipurit taki gildi frá og með 1. janúar 2026. Tillagan var kynnt starfsfólki í síðustu viku.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Valur Ingimundarson og Kristján Þorvaldsson.



3. Fjárlög og áætlanir fyrir 2026.

Sviðsstjóri rekstrar kynnti stöðu rekstrar safnsins og rekstraráætlun fyrir árið 2026. Útkomuspá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir 25,5 m.kr. halla á rekstri. Í fjárlögum 2026 er gert ráð fyrir að heildarfjárheimild Þjóðskjalasafns verði 1.231 m.kr. sem skiptist í 992 m.kr. framlag frá ríkissjóði, 266 m.kr. sértekjur og 44 m.kr. afskriftir. Helstu breytingar á milli ára er aukning í sértekjum um 105 m.kr. sem má rekja til nýrrar gjaldskrár og gjalda sem sveitarfélög greiða Þjóðskjalasafni. Gert er ráð fyrir 24 m.kr. afgangi árið 2026.

Til máls tóku Kristján Þorvaldsson, Gunnar Örn Hannesson, Ragnar Kemp Haraldsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Njörður Sigurðsson, Valur Ingimundarson, Erla Hulda Halldórsdóttir og Óskar J. Sandholt.

4. Þjóðlenduverkefni – verklok.

Sviðsstjóri fræðslu og rannsókna gerði grein fyrir verklokum í þjóðlendumálum sem hefur áhrif á Þjóðskjalasafn. Heimildir sem eru nauðsynlegar til að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk eignarlanda liggja að stórum hluta í Þjóðskjalasafni og því hefur frá upphafi vinnu óbyggðanefndar verið leitað heimilda í safninu. Árið 2004 var gerður sérstakur samningur milli óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns um kerfisbundna gagnaöflun og síðan hafa þeir samningar verið endurnýjaðir árlega. Um 36 manns hafa starfað við verkefnið í Þjóðskjalasafni í gegnum tíðina. Eftir liggja m.a. sögulegar greinargerðir fyrir 64 mál hjá óbyggðanefnd og þúsundir uppskrifta skjala og þúsundir stafrænna afrita.

Til máls tóku Ólafur Arnar Sveinsson, Valur Ingimundarson, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir.

5. Gjaldskrá Þjóðskjalasafns.

Aðstoðarþjóðskjalavörður gerði grein fyrir nýrri gjaldskrá Þjóðskjalasafns sem var samþykkt af ráðherra 27. nóvember síðastliðinn og hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda með gildistíma frá 1. janúar 2026. Helstu breytingar í nýrri gjaldskrá frá eldri gjaldskrá, sem hefur verið í gildi frá 2021, snúa að gjaldtöku fyrir þjónustu sem Þjóðskjalasafn veitir sveitarfélögum sem eru afhendingarskyld til safnsins. Með gjaldskránni munu sveitarfélög sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns greiða árlega gjald til safnsins fyrir ráðgjöf og eftirlit. Þá munu sveitarfélög áfram greiða vörslugjöld fyrir pappírsskjöl og rafræn gögn sveitarfélaga sem eru varðveitt hjá Þjóðskjalasafni. Þá er í nýrri gjaldskrá heimild til að taka gjald fyrir miðlun skjala sveitarfélaga sem ekki starfrækir héraðsskjalasafn en slíkt gjald er innheimt á grundvelli samkomulags við viðkomandi sveitarfélag um skönnun og miðlun skjala. Jafnframt er nú heimild fyrir Þjóðskjalasafn að taka gjald fyrir aukna rannsóknarþjónustu, það er ef óskað



er eftir aðstoð sem sérfræðingar Þjóðskjalasafns veita umfram lögbundna grunnþjónustu við að veita aðgang að safnkosti, svo sem við ítarleit að tilteknum upplýsingum eða rannsókn vegna tiltekinnar fyrirspurnar. Gjaldskráin tekur svo breytingum árlega miðað við neysluverðsvísitölu og er gildandi verð auglýst á vef safnsins hverju sinni. Aðrir þættir gjaldskrárinnar eru uppfærslur frá gildandi gjaldskrá.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Valur Ingimundarson.

6. Yfirfærsla gagna frá héraðsskjalasöfnum.

Aðstoðarþjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu á yfirfærslu safnkosts frá héraðsskjalasöfnum til Þjóðskjalasafns Íslands. Áætlanir um tilfærslu á safnkosti Borgarskjalasafns Reykjavíkur hefur verið uppfærð og er gert ráð fyrir að safnkostur verði afhentur í tveimur hlutum til Þjóðskjalasafns, annars vegar 1. mars 2026 og hins vegar 1. nóvember 2026. Uppfærsla á áætlun fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs stendur yfir. Þá kom fram að Þjóðskjalasafn hefur rætt við allt starfsfólk héraðsskjalasafnanna tveggja og kannað með áhuga þeirra á störfum í Þjóðskjalasafni en heimild er að bjóða þeim störf í safninu samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um opinber skjalasöfn.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:45.

Undirritunarsíða

Valur Ingimundarson

Gunnar Örn Hannesson

Óskar Jörgen Sandholt

Erla Hulda Halldórsdóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Ragna Kemp Haraldsdóttir